



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Mánudaginn 12. maí 2014 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 11.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Baldur Magnússon, Jensína Lýðsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson. Undir dagskrárlið 3 mætti Hildur Ingólfssdóttir skólastjóri á fundinn.

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Ársreikningur 2013 (seinni umræða)

a. Endurskoðunarbréf

Fyrir fundinum lá endurskoðunarbréf Davíðs Búa Halldórssonar, endurskoðanda sveitarfélagsins. Auk samantektar á helstu niðurstöðum ársreiknings er í bréfinu fjallaðu um reikningshaldslegt mat, notkun reikningsskilaaðferða og niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti. Í bréfinu koma ekki fram neinar athugasemdir sem sveitarstjórn þarf að bregðast við.

Endurskoðunarbréfið var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við það.

b. Ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana 2013(seinni umræða):

Fyrir fundinum lá ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana sem var til fyrri umfjöllunar 15. apríl 2014. Í ársreikningi kemur fram að rekstrartekjur samstæðunnar voru 537 m.kr. en voru 497,4 m.kr. árið 2012 og hafa hækkað um 8% milli ára. Rekstrarniðurstaða var jákvæð á árinu um 66,3 m.kr. í samanburði við 134,7 m.kr. neikvæða afkomu árið 2012. Rekstrarafkoma ársins 2012 markaðist af því að undir rekstur þess árs var fært 180 milljóna króna óafturkræft framlag til hitaveituframkvæmda en án þess framlags hefði rekstur ársins verið jákvæður um 45,3 milljónir. Rekstrargjöld samstæðu námu 480,8 milljónum en voru 462,5 milljónir 2012 fyrir utan umrætt 180 milljóna hitaveituframlag. Rekstrarafkoma hefur batnað milli ára um 26,4 milljónir að teknu tilliti til kostnaðar vegna hitaveituframkvæmda. Rekstrarniðurstaða samstæðunnar er 35,5 milljónum hagstæðari en fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir en áætluð rekstrarafkoma ársins var 30,8 milljónir.

Eigið fé samstæðu í árslok 2013 nam 1.209 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi,

Eiginfjárlutfall samstæðu var 72% í lok árs 2013 en var 71,4% árið 2012.

Veltufjárlutfall samstæðunnar nam 8,65 en var 9,08 í árslok 2012.

Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi var veltufé frá rekstri samstæðunnar 75,3 m.kr. og handbært fé frá rekstri 73,4 m.kr. Engin ný lán voru tekin á árinu. Handbært fé samstæðunnar nam 520,8 m.kr. í árslok en var 490,1 m. kr. í árslok 2012.

Sveitarstjórn ræddi ársreikninginn og samþykkti hann og áritaði að lokinni umræðu.



2. Þjónustusamningur sveitarfélaga um málefni fatlaðs fólks.

Fyrir fundinum lá Þjónustusamningur sveitarfélaga um málefni fatlaðs fólks á starfssvæði Róta bs. Forsendur samningsins er annars vegar flutningur þeirrar þjónustu sem ríkið hafði veitt föltuðu fólki, til sveitarfélaganna hinn 1. janúar 2011 og hins vegar stofnun Róta bs. 29. janúar 2014, sem ætlað er það hlutverk að annast rekstur málaflokksins í umboði sveitarfélaga sem að stofnun og rekstri þess standa. Um er að ræða sveitarfélögin Akrahrepp, Blönduósbae, Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð, Húnavatnshrepp, Húnaþing vestra, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörð og Sveitarfélagið Skagaströnd. Samningurinn er lagður fyrir sveitarstjórnir allra aðildarsveitarfélaganna og með staðfestingu hans felur hver sveitarstjórn Rótum bs. að hafa umsjón með þjónustu við fatlað fólk.

Sveitarstjórn yfirfór samninginn en samþykkti hann síðan fyrir stítt leyti og fól sveitarstjóra að undirrita hann fyrir hönd Sveitarfélagsins Skagastrandar.

3. Fræðslumál:

a. Kennslukvóti í grunnskóla

Hildur Ingólfssdóttir skólastjóri mætti á fundinn og skýrði tillögu sína um kennslukvóta sem var til umfjöllunar í fræðslunefnd og fram kom í fundargerð hennar 14. apríl 2014. Fræðslunefnd mælti með að 340 kest. verði samþykktar en lagði áherslu á að leitað verði leiða til að nýttar kennslustundir verði færri. Skólastjóri greindi frá forsendum fyrir framangreindum kennslustundafjölda og fór jafnframt yfir hvernig horfir með kennararáðningar og uppstillingu skólastarfs á næsta skólaári. Sveitarstjórn samþykkti tillögu um 340 kennslustunda kvóta fyrir komandi skólaár.

b. Ráðning skólastjóra

Sveitarstjóri greindi frá hvaða umsóknir hafi borist um skólastjórastöðu og að hann ásamt fræðslustjóra og skólastjóra hafi farið yfir þær þrjár umsóknir sem bárust. Af þeim hafi tvær síðan verið dregnar til baka. Tekið hafi verið starfsviðtal við Veru Ósk Valgarðsdóttur og það sé tillaga starfshópsins að hún verði ráðin í starf skólastjóra Höfðaskóla næsta skólaár. Sveitarstjórn samþykkti þá tillögu og fól sveitarstjóra að ganga frá ráðningu hennar.

c. Skýrsla um ytra mat á Höfðaskóla

Fyrir fundinum lá skýrsla um ytra mat Höfðaskóla sem unnin var af Námsmatsstofnun. Höfundar skýrslunnar eru Hanna Hjartardóttir og Unnar Þór Bøðvarsson. Skýrslan fjallar um ytra mat á stjórnun, námi og kennslu, innra mati og lestri. Sveitarstjórn ræddi skýrsluna og lýsti ánægju sinni með að ytra matið sé fram komið og að í skýrslunni sé hægt að lesa bæði það sem vel hefur tekist og tækifæri til úrbóta. Skólstjóri gaf



skýringar á nokkrum þáttum sem til umræðu voru. Skýrslan var til kynningar og ekki gerðar ályktanir vegna hennar.

4. Bréf:

- a. Tækifæris, dags. 29. apríl 2014

Með bréfinu er boðað til aðalfundar Tækifæris ehf. miðvikudaginn 14. maí. nk. Bréfið var til kynningar.

- b. Rögnvaldar Ottóssonar, dags. 23. apríl 2014

Með bréfinu gerir Rögnvaldur athugasemdir við að sveitarfélagið hafi lagt fé í að koma á hitaveitu og ljósleiðaratengingu í byggðina en íbúar hafi ekki allir haft jafna möguleika til að nýta sér þá kosti sem af þeim leiða. Sveitarstjóri lagði fram drög að svarbréfi sem sveitarstjórn yfirfór og gerði á nokkrar breytingar en samþykkti síðan að senda með áorðnum breytingum.

- c. Stjórnar SSNV, dags. 10. apríl 2014

Með bréfinu er gerð grein fyrir þróunarverkefninu NORCE sem leitt var af Atvinnuþróunarfélagi Norðurlands vestra (ANVEST) á árunum 2004-2009 og hvernig gerð verður grein fyrir því uppgjöri og tekjufærslum við gerð ársreiknings SSNV fyrir árið 2013. Sveitarstjórn leggur áherslu á að stjórn SSNV hraði eins og unnt er greinargerð um atriði er varða ofangreint uppgjör.

- d. Oddnýjar M. Gunnarsdóttur, dags. 15. apríl 2014

Með bréfinu greinir Oddný frá að hún hafi átt í samskiptum við forsvarsmenn SSNV vegna fyrirspurnar um fjármálauppgjör SSNV á síðasta ári. Með vísan til c-liðar leggur sveitarstjórn áherslu á að greinargerð með skýringum verði lögð fram sem fyrst.

- e. Katrínar Maríu Andrésdóttur, dags. 29. apríl 2014

Bréfið sem tengist dagskrárliðum c og d var til kynningar.

5. Fundargerðir

Stjórnar Félags og skólaþjónustu A-Hún, 22.04.2014

Fundargerðin var til kynningar

6. Önnur mál

Fyrir voru tekin umferðamál. Eftirfarandi bókun var samþykkt: Í ljósi þess að hámarkshraði í þéttbýli á Skagaströnd hefur verið lækkaður í 35 km/klst. samþykkir sveitarstjórn að hraðahindranir á eftirtöldum stöðum verði fjarlægðar: Strandgötu milli húss nr. 10 og Lækjarbakka, Fellsbraut við hús nr. 2, Ránarbraut við hús nr. 12. Hraðanindranir verði við Fellsbraut nr. 17, Strandgötu 2 og sunnan við gatnamót Oddagötu og Bogabrautar.



Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 14.00

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Baldur Magnússon

Jensína Lýðsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson